

1866.

17. febrúar.

vinnukostnaðinn til greina, þá álitíð þér að færa eigi niður tekjurnar af eyjunni árið 1861 úr 115 rd. 12 sk. í 65 rd. 90 sk. og árið 1862 úr 114 rd. 16 sk. í 65 rd. 50 sk.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjöríð ráðstafanir þær, er þörf er á, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar um þetta efni, svo að eigandi jarðarinnar Brautarholts þarf ekki að gjalda neinn alþingistoll fyrir árin 1861 og 1862 af afgangi því, sem hann hefir fengið af þurrabúðunum í Brautarholti, en að honum aptur á móti ber að gjalda 5 rd. 48 sk. í alþingistoll af arðinum af Andriðsey fyrir árið 1861 og 1 rd. 57 sk. fyrir árið 1862. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir skorað á hina amtmennina að skýra frá áliti sínu um, hvernig skera eigi úr spurningum sama efnis og þær, sem þér hafið borið upp, og getið þér búizt við seinna að fá ítarlegri úrskurð frá stjórnarráðinu um það.

20. febrúar. 16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhags-árið 1866—67.

(Þetta bréf er samhljóða bréfi dómsmálastjórnarinnar 18. marzmán. 1865 á 160. bls. hér að framan.)

21. febrúar. 17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um, hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.

Í bréfi dags. 18. febrúarmán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, háæruverðugi herra, ásamt með amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, að taka til íhugunar og senda síðan stjórnarráðinu álitsskjal ykkar um það, hvort ekki þækti best henta að skipta eptirleiðis upp öllum leigunum, 260 rdl., af hinum svonefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, milli 3 eða 4 allralökustu brauðanna í norðurumdæminu, í stað

1866.

21. febrúar.

Þess, eins og hingað til hefir gjört verið, að láta einungis skipta 150 rdl. af leigum þessum milli 9 eða 10 af lökustu presta- köllunum og bæta afganginum við innstæðuna. Með bréfi 12. septembermán. f. á. hafð þér því næst sent hingað bréf þau, er farið hafa milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austur- umdæminu um þetta málefni, og stungið uppá, að öllum leigunum af kollektusjóði þessum eptirleiðis verði varið til að bæta þessi prestaköll í Hóla stipti hinu gamla: Grímsey, Þönglabakka, Knappstaði og Hvanneyri; þó svo, að prestarnir í hinum brauðunum, sem hingað til hafa fengið styrk af leigum þessum, haldi honum framvegis, meðan þeir eru prestar í þeim brauðum, en að styrkurinn hætti, undir eins og brauðin losna, og sé þá hvað eptir látinn ganga til þeirra 4 brauðanna, sem áður voru nefnd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar um málefni þetta. En af því að kollektusjóðurinn á nú í sjóði hjá gjalddkyra háskólans 83 rdl. 37 sk. í peningum, þykir réttast að bæta við þessa peninga af leigunum, sem koma í gjalddaga 11. júnímán. þ. á., eins miklu og við þarf til að kaupa handa kollektunni enn þá eitt konunglegt skuldabréf uppá 100 rdl., og verður innstæðan þá alls 6700 rdl., því nú er hún orðin 6600 rdl. Af þessu leiðir, að í ár verður ekki borgað meira en 240 rdl. alls til styrktar prestaköllunum í Hóla stipti, en síðar skal yður verða tilkynnt hversu miklu má verja til þessa að ári og framvegis. Það er vitaskuld, að þegar þessum 240 rdl. verður skipt niður, á að verja þeim 90 rdl., sem eru fram yfir þá 150 rdl., er hingað til hefir verið útbýtt, eingöngu handa þeim 4 brauðum, er að ofan eru nefnd, á þann hátt sem yður, háæruverðugí herra, og hlutaðeiganda amtmanni þykir bezt henta.

Að endingu skal því við bætt, að amtmanninum í norður- og austurumdæminu hefir í dag verið tilkynntur úrskurður þessi.